


## Gæðahringir við hönnun lýsingar

Lýsing hefur meiri áhrif á fólk en það grunar. Með góðri lýsingu má t.d. auka vellíðan og öryggisþilfinningu manna, auka vinnuafköst, auka sölu í verslunum, fegra umhverfi okkar svo fátt eitt sé nefnt. Slæm lýsing veldur vanlíðan og óróa og getur beinlínis verið hættuleg lífi og limum manna. Lýsing er mismunandi eftir því hvaða hlutverki hún á að gegna. Neyðarlýsing hefur til dæmis ekki fagurfræðilegt gildi en samt er mjög mikilvægt að hún sé rétt hönnuð. Við hönnun lýsingar, hvort sem það er fyrir heimili, verslanir, fyrirtæki, leikhús eða kvikmyndir, er gott að styðjast við það sem kallast „gæðahringirnir þrír“. Þeir eiga við í allri lýsingarhönnun og hafa ávallt reynst vel.

### Gæðahringirnir

Tilgangurinn með lýsingarhönnun er að ná hágæða lýsingu innan þeirra marka sem sett eru hverju sinni. Þessi mörk eru yfirleitt af fjárhagslegum toga en einnig hafa reglugerðir og arkitektúr náttúrulega sitt að segja.



Hér til hliðar er mynd sem skýrir hugmyndina að þaki gæðahringum. Hugmyndin er auðskilin og hér að neðan er nánari umfjöllun.

### Hringur a. Parfir

Í efsta hringnum er fjallað um þarfir sem gerðar eru til lýsingarinnar og þarfir sem góð lýsing þarf að fullnægja. Allir hringirnir eru jafn mikilvægir, en þau áhrif sem lýst er í þessum hring hafa mest áhrif á daglegt líf manna.

### Sýn

„Maðurinn lifir ekki á brauði einu saman“. Auk súrefnis og næringar er ljós mannum nauðsynlegt og góð lýsing hefur ekki síður áhrif á líf og heilsu manna en holl næring

og heilnæmt andrúmsloft. Með hugtakinu sýn er átt við þann hæfileika að safna saman upplýsingum úr umhverfi sínu og nota sem forsendur til að hanna hágæða lýsingu.. Fyrr á tímum snerist lýsingarhönnun nánast eingöngu um að ná betri skerpu og bættri sjón. Helstu eiginleikar sem hafa áhrif á skerpu eru: andstæði (e: contrast), ljómi (e: luminance), tími og stærð þess sem skoðað er. Almennt getur góð sýn spornað á móti lágrri andstæðu og lítilli stærð þess hlutar sem horft er á. Stundum, og þá aðallega í leikhúsi og kvikmyndum, minnkar lýsingarhönnuðurinn sýnina til að undirstrika þá tilfinningu sem lesa má úr handritinu eða leikstjórninni túlkar.

## Geta viðfangsefnis

Lýsing á að auðvelda notandanum að athafna sig við það sem honum er ætlað að gera á hverjum stað. Margir ósýnilegir þættir hafa áhrif á athafnagetu manna, t.d. aldur, reynsla, þjálfun, hvatning, o.s.frv. Lýsing á að aðstoða fólk við að ná bættem árangri í leik og starfi.

## Þægindi

Sjónræn þægindi hafa töluverð áhrif á afköst, líðan og öryggi. Sem dæmi má nefna að margir skrifstofustarfsmenn kvarta undan óþægindum vegna lélegrar lýsingar sem minnkar afköst. Glýja, léleg birtuskilyrði og margt fleira sem tengist lýsingu getur haft neikvæð áhrif á geð manna.

## Samskipti

Birta auðveldar mönnum samskipti. Stór hluti samskipta okkar fer fram án orða með líkamstjáningu og svipbrigðum. Góð lýsing auðveldar okkur að skilja fólk og það sem það segir, ekki síst að skynja það sem það segir ekki en gefur til kynna með látbragði sínu.

## Tilfinningar og líðan

Líðan manna hverju sinni hefur áhrif á sál þeirra. Með réttri lýsingu og réttu umhverfi má hafa áhrif á hugarástand manna, róa eða æsa tilfinningar þeirra, kalla fram hamingju eða hræðslutilfinningu, auka vellíðan, stýra hvötum fólks á ýmsar hátt, t.d. hvetja fólk til að kaupa, o.s.frv.

## Heilsa, öryggi og vellíðan

Þótt þörf fyrir heilsu, öryggi og vellíðan geri miklar kröfur til góðrar lýsingar er oft litið framhjá þeim. Öryggi er skiljanlega mjög mikilvægur þáttur, en neyðarlýsing er bara lítil sneið af stórrí köku. Lýsing ætti að aðstoða fólk við að varast hættur í umhverfi sínu. Umferðarlýsing snýst aðallega um að auka öryggi, en minna um fagurfræði. Sama gildir um verksmiðjulýsingu.

Lýsing hefur líka áhrif á magn melatonins í heilanum. Melatonin er ljósnæmt hormón sem ræður m.a. ferli svefnis og vöku. Sannað þykir að svefnröskun geti valdið sjúkdómum eins og t.d. ákveðnum tegundum krabbameins.

## Fagurfræði

Hvað er fegurð? Erfið spurning, en fagurfræði er nú samt einn af skólum nútíma heimspeki. Gjarnan er talað um fjögur hugtök sem hafa áhrif á fagurfræðilegt mat fólks: Samhengi, læsileiki, leyndardómur og margbreytileiki.

## Hringur b. Arkitektúr

Næsti hringur kallast arkitektúr. Hönnun lýsingar er alltaf takmörkuð af þeim arkitektúr sem til staðar er, hvort sem er innan dyra eða utan. Hágæða lýsing bætir arkitektúrinn og vinnur með honum, formi hans, stíl og samsetningu. Lýsing ætti að bæta skilning áhorfanda á arkitektúrnum. Lýsing sem fylgir ekki þessari einföldu reglu getur haft

skaðleg áhrif frekar en góð. Sem dæmi: Neyðarlýsing sem er ekki rétt hönnuð miðað við arkitektúr hússins, getur hægt á fólki frekar en flýtt fyrir þegar mest á reynir. Til eru margir staðlar og reglugerðir sem lýsing verður að fylgja.

## Form

Lýsing ætti að aðstoða við að nema form þess arkitektúrs sem áhorfandinn er staddur í. Lýsing ætti að auka á þeim svæðum sem þess þurfa og minnka á svæðum sem þurfa hana ekki. Þetta ætti að gera í samráði við hönnuði hússins eða þess svæðis sem um ræðir (t.d. sviðshönnuð / leikstjóra í leikhúsum og kvikmyndum, innanhúshönnuði / arkitekta, o.s.frv.).

## Samsetning

Samsetning lýsingar og arkitektúrs ætti að auka skilning og ánægju áhorfanda. Lýsing sem hunsar arkitektúr getur verið beinlínis hættuleg, til dæmis, neyðarlýsing sem er ekki aðlöguð þeim arkitektúr sem hún er hluti af getur reynst illa þegar mest á reynir.

Einnig getur misjöfn birta haft áhrif á skilning og ánægju áhorfanda. Óþægilegt getur verið að ganga á milli rýma sem eru ýmist of björt eða of dimm til skiptist.

## Stíll

Við hönnun hvers svæðis hefur hönnuðurinn vanalega einhvern stíl í huga, lýsingin sjálf og búnaðurinn sem er notaður til hennar ætti að vera í samræmi við þennan stíl. Fátt er ljótara en stílbrot, sem dæmi má nefna gömul falleg hús með framúrstefnulegum lýsingarbúnaði.

## Staðlar og reglur

Talsvert er til af stöðlum og reglum varðandi lýsingu, þó aðallega á vinnustöðum. Þeir segja til um ljósmagn á hverju svæði, glýjustuðla, litarendurgjöf og alls kyns öryggisstaðla. Í Evrópusambandinu er meira að segja unnið að staðli fyrir lýsingu á heimilum um þessar mundir.

## *Hringur c. Hagfræði og umhverfismál*

Þriðji og síðasti hringurinn kallast hagfræði og umhverfismál. Kostnaður við kaup á búnaði, uppsetningu, rekstur og viðhaldi hefur líka umtalsverð áhrif á þá lýsingarhönnun sem verður fyrir valinu á hverjum stað. Oft (því miður) ræður stofnkostnaður (kaup á búnaði og kostnaður við frágang) meiru um hvaða búnaður er notaður. Rekstur og viðhald á ódýrum búnaði (t.d. lömpum) getur kostað mun meira en á dýrum búnaði og því getur dýr búnaður borgað sig þegar til lengri tíma er litið. Þetta ber að hafa í huga við hönnun og kaup á búnaði.

## Uppsetning

Uppsetning búnaðar tengist fyrst og fremst kostnaði. Hvað kostar þetta mikið er oft fyrsta spurning viðskiptavinar. Einnig skipta umhverfismál oft máli, veldur búnaðurinn ljós- eða sjónmengun?

## Viðhald og rekstur

Eins og áður var sagt, velur fólk oft lýsingu með tilliti til kostnaðar við uppsetningu, en hugsar minna um rekstrarkostnaðinn. Lampi sem er 50% dýrari en annar endist ef til vill 200% lengur, annar lampi notar þeru sem kostar það sama og önnur þera en dugir helmingi lengur, o.s.frv. Góð lýsingarhönnun tekur þennan þátt líka inn í myndina.

## Stýring

Hvernig er lýsingunni stjórnað. Hverju þarf að stjórna? Með aukinni tækni er mönnum gert kleift að stýra fleiri hlutum með minni kostnaði. Ljósdimmar eru nú komnir í almenningseigu, og hafa að miklu leyti tekið við hlutverki venjulegs rofa. Tæknin er einnig að gera okkur kleyft að ráða fleiru en eingöngu ljósmagni. Nú eru til þerur sem skipta litum, búnaður sem gerir mögulegt að færa geislann eftir þörfum án þess að snerta búnaðinn sjálfan. Miðstýrð kerfi eru einnig orðin algeng, þar sem allri lýsingu hússins er stýrt frá einum stað. Raddstýringar voru eitt sinn taldar í fjarlægri framtíð en eru nú til á tiltölulega hagstæðu verði.

## Orkueyðsla

Þessi þáttur hefur auðvitað mikil áhrif á rekstrarkostnað lýsingarbúnaðarins. Einnig getur svæði haft takmarkað rafmagn til lýsingar.

Erlendis eru nú komnar reglugerðir sem segja til um hve miklu rafmagni má eyða á hvern lýstan fermetra. Þetta hefur minni áhrif á okkur Íslendinga með allt okkar ódýra rafmagn.

## Umhverfisáhrif

Á áttunda áratug síðustu aldar spratt fram nýtt hugtak, ljósmengun. Sem dæmi: miðað við árlega aukningu lýsingar í London, er talið að eftir nokkur ár valdi birtan því, að stjórnurnar muni ekki sjást á himni yfir borginni.

Einnig skal bent á að á mörgum stöðum í Reykjavík hafa fyrirtæki, stofnannir og einstaklingar verið að setja upp lýsingarbúnað sem veldur fólki í næsta nágrenni glýju. Víða getur þetta beinlínis verið hættulegt, sérstaklega nálægt umferðarþungum götum. Taki til sín sem eiga.